

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Mánudaginn 9. desember 2002 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson og Magnús B. Jónsson

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Álagningastuðlar útsvars og fasteignagjalda 2003

Fyrir fundinum lá tillaga sveitarstjóra um álagningarstuðla útsvarst og fasteignagjalda vegna 2003.

Útsvar:

Álagning útsvars verði 13,03%

Fasteignaskattur:

Álagning á íbúðarhúsnæði verði 0,43% af álagningarstofni.

Álagning á verslunar- og iðnaðarhúsnæði verði 1,50% af álagningarstofni.

Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði 1,5% af fasteignamatsverði lóða.

Vatnsskattur:

Vatnsskattur verði 0,25% af fasteignamati, lágmark 5.900 kr og hámark 18.900 kr.

Holræsagjald:

Holræsagjald verði 0,15% af fasteignamati lóða og mannvirkja

Sorphirðugjald /sorpeyðingargjald:

Sorphirðugjald verði 8.000 kr/íbúð.

Sorpeyðingargjöld eru 8.000-53.000 eftir áætluðu magni sorps frá fyrirtækjum og stofnunum.

Leiga ræktunarlóða:

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamati.

Lóðaleiga verði 2.500 kr/ha.

Niðurfellingar fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisþega 2003.

Eftirfarandi eru reglur um niðurfellingu fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisþega (75% örorku).

1. Fasteignagjöld verða eingöngu felld niður af íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir búa í sjálfir.
2. Fasteignagjöld lækki um allt að kr 35.000,- hjá:
 - a)Einstaklingum með tekur allt að 20% yfir óskerta tekjutryggingu og heimilisuppbót.
 - b)Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 20% yfir óskertri tekjutryggingu.
3. Fasteignagjöld lækki um allt að kr 17.500 hjá:
 - a)Einstaklingum með tekur allt að 50% yfir óskerta tekjutryggingu og heimilisuppbót.
 - b)Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 50% yfir óskertri tekjutryggingu.

2. Almannaþingarnefnd

Kosning fulltrúa og varafulltrúa í nefndina.

Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri var kosinn í nefndina og Adolf H. Berndsen, oddviti til vara.

3. Brunavarnaráætlun, samningur

Fyrir fundinum lágu drög að samningi við Guðbjart Ólafsson, Óstækni ehf. um að gera brunavarnaráætlun fyrir svæði slökkviliða í A-Hún, Húnaþingi vestra og Bæjarhreppi í Strandasýslu. Heildartilboð í að vinna skýrslu um samvinnu slökkviliða, gera brunavarnaráætlun fyrir hvern aðila skv. ákvæðum í samningi er kr 860.606,- m. VSK og skiptist milli aðila eftir íbúatölu. Í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 er sveitarfélögum gert skylt að leggja fram brunavarnaráætlun fyrir starfssvæði slökkviliðs. Hreppsnefnd samþykkti að vera aðili að samningnum og var sveitarstjóra falið að undirrita hann.

4. Samningur um veghald þjóðveggar á Skagaströnd.

Fyrir fundinum lá óundirritaður samningur um veghald þjóðveggar í þéttbýli. Um var að ræða samning um: a) götulýsingu, b) vetrarþjónustu, c) almenna þjónustu á vegi. Samkvæmt samningnum verði greitt fyrir þjónustuna 2.459 þús. kr/ár. Samningurinn var samþykktur af hreppsnefnd.

5. Fundarboð á stjórnarfund Félagsþjónustu A-Hún 12. desember 2002.

a) Fjárhagsáætlun 2003

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun félagsþjónustunar. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir að framlög sveitarfélaganna nemi kr. 12.742 þús. en framlög FSNV til rekstrar málefna fatlaðra nemi 35.920 þús. Hreppsnefnd gerði ekki ályktanir vegna áætlunarinnar en vísaði því til fulltrúa í stjórn félagsþjónustunnar að fjalla um málið á stjórnarfundi.

b) Reglur um heimaþjónustu

Fyrir fundinum lágu drög að reglum um félagaslega heimaþjónustu þar sem skilgreint er hvaða starfshættir skuli hafðir við veitingu þjónustunnar. Meðfylgjandi reglum var tillaga að gjaldskrá. Reglurnar voru til kynningar en þær verða teknar fyrir á stjórnarfundi sem haldinn verður 12. desember nk.

c) Reglur um dagmæður

Fyrir fundinum lágu drög að reglum um daggæslu í heimahúsum. Í reglum eru skýrð skilyrði fyrir leyfisveitingum til daggæslu í heimahúsum. Reglurnar voru til kynningar en þær verða teknar fyrir á stjórnarfundi félagsþjónustunnar 12. desember nk.

6. Bréf:

d) Byggðastofnunar um rafrænt samfélag, dags. 27. nóvember 2002.

Í bréfinu er kynnt þróunarverkefni þar sem tvö byggðarlög á landsbyggðinni verða valin til að verða rafræn tilraunasamfélög. Gert er ráð fyrir að fram fari samkeppni um

Þátttöku og framlag ríkisins verði 60 milljónir til hvors byggðarlags gegn jafnháu framlagi þess. Bréfið var til kynningar og vísað til þess að frekari gögn verði send eftir áramót. Mikil umræða varð um málið og ákveðið að leita upplýsinga hjá INVEST og kanna möguleika á samstarfsaðila í tölvugeiranum.

e) Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra um Reykjadal, dags. 14. nóvember 2002. Með bréfinu er kynnt starfsemi Reykjadals sem er dvalarheimili fyrir fötluð börn. Jafnframt er leitað eftir 30.030 kr. styrk til rekstrarins í hlutfalli við þann fjölda sem dvelur á heimilinu frá Skagaströnd. Erindinu var vísað til fjárhagsáætlunar.

f) Samkórsins Bjarkar, beiðni um fjárstyrk, dags. 16. nóvember 2002. Í bréfinu er gerð grein fyrir helstu verkefnum samkórsins og jafnframt óskað eftir styrk til rekstrar hans. Erindinu vísað til fjárhagsáætlunar.

g) Umboðsmanns Alþingis, dags. 12. nóvember 2002. Meðfylgjandi bréfinu var úrskurður umboðsmanns í máli Hjartar J. Guðmundssonar sem kvartaði yfir úrskurði félagsmálaráðuneytisins í tilefni af ráðningu leiðbeinanda við Höfðaskóla fyrir skólaárið 1999-2000. Bréfið og úrskurðurinn voru til kynningar og ekki gerðar ályktanir vegna þeirra.

7. Fundargerðir

a) Leikskólanefndar, 4. nóvember 2002.

Fundargerðin var samþykkt

b) Leikskólanefndar, 19. nóvember 2002.

Í dagskrárlíð 2 kemur fram að leikskólanefnd leggur til að ráðinn verði starfsmaður í 75% starfshlutfall frá 1. janúar 2003 til að gera mögulegt að taka inn í leikskólann nokkur 18 mánaða börn sem eru á biðlista.

Hreppsnefnd samþykkti umrædda aukningu á stöðuhlutfalli.

Í 3. dagskrárlíð kemur fram að leikskólanefnd leggur til að leikskólagjöld verði hækkuð um 10%.

Hreppsnefnd samþykkti að gjaldskrá leikskólans verði hækkuð skv. tillögu nefndarinnar.

Fundargerð leikskólanefndar var samþykkt.

c) Safnanefndar, 12. nóvember 2002.

Í fundargerðinni kemur m.a. fram að stefnt verði að því að nýta húsið til ljósmynda og sögusýninga auk þess að vera upplýsingamiðstöð á sumrin og setur fullorðinsfræðslu og námskeiðahalds á veturnum. Þá kemur fram í fundargerðinni það álit nefndarinnar að rétt sé að hraða endurbótum og stefna á að þeim ljúki innan þriggja ára skv. nánari verkáætlun.

Hreppsnefnd samþykkti fundargerðina og í umræðum kom fram að hreppsnefnd er sammála því sem fram kemur um stefnumörkun varðandi húsið.

d) Héraðsnefndar, 13. nóvember 2002.

Fundargerðin var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir vegna hennar.

e) 698. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 6. nóvember 2002.
Fundargerðin var til kynningar.

f) Heilbrigðisnefndar Nl. vestra, 12. nóvember 2002.
Fundargerðin var til kynningar.

g) Heilbrigðisnefndar Nl. vestra, 22. nóvember 2002.
Fundargerðin var til kynningar.

h) Stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, 7. nóvember 2002
Fundargerðin var til kynningar.

i) Ársfundar, Samtaka sv.fél. á köldum svæðum, 7. nóvember 2002.
Með fundargerðinni var efni fyrirlestra á fundinum.
Fundargerðin var til kynningar.

8. Önnur mál

- Oddviti upplýsti um fund sem hann ásamt sveitarstjóra hafi átt með fulltrúum Blönduósbæjar um hitaveitumál.
- Hann gerði einnig grein fyrir að ákveðið hafi verið að fundur um sameiginleg málefni Höfðahrepps og Blönduósbæjar verði haldinn í janúar í boði Blönduósbæjar.
- Oddviti gerði grein fyrir að í sjónmáli sé að heimilað verði að hefja hönnun nýrrar heilsugæslustöðvar á Skagaströnd.
- Oddviti upplýsti að samgönguráðherra hafi samþykkt að veita 4-500 þús. kr til gerðar hagkvæmniathugunar á uppsetningu Kántrýgarðs.
- Oddviti og Gunnar Þór gerðu grein fyrir þeim tækifærum sem kynnu að vera í að ná byggðakvóta til þéttbýlisstaða við Húnaflóa.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 10³⁵

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gunnar Þór Gunnarsson
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)